

# Umsögn um frumvarp til laga um námslán og námsstyrki.

749. mál, lagafrumvarp.

Lagt fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015–2016.

September 2016

Undanfarnar vikur hefur Afstaða, félag fanga og annarra áhugamanna um betrun, átt viðræður við Menntamálaráðuneytið um menntamál fanga og hvernig megi auka menntun fanga almennt. Á fundum þessum var athygli félagsins vakin á frumvarpi þessu og skorað á félagið að senda inn umsögn um málið. Beðist er velvirðingar á hve seint umsögnin berst.

Undanfarin tvö ár hefur verið mikil vitundarvakning á málefnum fanga í samfélaginu og nauðsyn þess að tvinna betrun í formi atvinnu og menntunar saman við refsivistina er orðin óumdeild. Betrun í formi menntunar hefur enda mikil áhrif á endurkomutiðni, sé rétt haldið á málum. Því meiri menntun sem refsifangi fær í sinni afplánun og eftir atvikum eftir afplánun, því minni líkur eru á því að hann leiðist aftur út í brotastarfsemi eftir að afplánun líkur.

Ljóst er að einstaklingar sem koma aftur út í samfélagið eftir fangavist eiga í miklum erfiðleikum með að fóta sig í lífinu ef þeir hljóta ekki menntun eða starfsendurhæfingu. Þeir eru því líklegir til að enda aftur í fangelsi áður er langt um líður. Endurkomutiðni í fangelsi á Íslandi er lang hæst þegar litið er til samanburðar á Norðurlöndunum, en annar hver fangi fer aftur í fangelsi og það er óviðunandi árangur.

Fangelsisýfirvöld hafa reynt að auka við nám fanga á landsvísu og í dag hafa margir fangar möguleika á því að stunda staðarnám, verknám og fjarnám. Menntun er talin vera einn helsti lykillinn að betrun. Því er mikilvægt að leggja aukna áherslu á menntun fanga á næstu misserum enda er það allra hagur að betra fanga og fækka um leið afbrotum, þolendum afbrota. Þá er ljóst að menntun og endurhæfing meðan á afplánun stendur getur minkað álag og kostnað á almannatryggingakerfið umtalsvert, því eins og staðan er í dag, fer stór hluti fanga á framfæri hins opinbera eftir að afplánun líkur.

Í dag hefja margir fangar nám í fangelsum og þrátt fyrir marga þröskulda sem liggja víða og koma í veg fyrir eða hægja verulega á námsferli fanga, s.s. ónóg námsráðgjöf og aðstoð, skortur á viðunandi aðstöðu í fangelsum, margvíslegar hindranir sem tengjast námserfiðleikum á borð við ADHD og lesblindu, þá eru einnig dæmi um fanga sem ná árangri og ljúka námi á mismunandi skólastigum. Þannig hafa margir lokið stúdentsprófi meðan á afplánun stendur og hefja verknám eða háskólanám. Enginn fangi nær þó að hefja nám nema með aðstoð fjölskyldu enda hefur föngum ekki staðið til boða aðstoð við greiðslu skólagjalda eða fjármögnun námsbóka og annarra gagna í verknámi eða á háskólastigi. Því er ljóst að mjög margir fangar ná aldrei að hefja slíkt nám.

Stærsti vandinn hefst þó þegar fanginn á kost á að flytjast yfir á áfangaheimili, eða fær öklaband og/eða reynslulausn. Við þau tímamót í afplánun hafa flestir námsfangar neyðst til að hætta námi. Það stafar af því að fangi hefur ekki haft nein laun í sinni fangavist og flestir misst allt sitt, m.a. vegna sektar- og/eða bótakrafna Langfæstir í þessum hópi hafa átt kost á námslánnum einkum vegna skráningar á vanskilaskrá, en lögum samkvæmt er réttur til láns háður því skilyrði að umsækjandi sé ekki á vanskilaskrá.

Tvískinnungurinn í kerfinu birtist svo í því að námsmaðurinn getur heldur ekki leitað á náðir sveitarfélags síns um framfærslu og félagslega aðstoð á námstímanum vegna þess að hann er í láns hæfu námi. Námið og betrunin er þannig í raun orðin helsti óvinur fangans og allar dyr lokaðar. Í þessu ljósi er mikilvægt að skoða markmiðsgrein frumvarpsins í 1. gr. sem er einmitt að tryggja þeim sem falla undir lög þessi tækifæri til náms án tillits til efnahags samkvæmt 1. grein lagana.

Flestir fangar, og ekki síst þeir sem hafa setið lengi í fangelsi, þurfa að bygga líf sitt alveg frá grunni eftir að afplánun líkur. Það skiptir grundvallarmáli fyrir farsælt betrunarkerfi, bæði fyrir einstaklinginn sjálfan og samfélagið, að viðkomandi fái alla mögulegu aðstoð sem möguleg er, til að fá að ljúka því betrunarþrógrammi sem hafið var meðan á afplánun innan múra fangelsis stóð.

Árangursrík betrunarstefna verður að byggjast á heildarlausnum og að henni þurfa margir aðilar að koma á öllum stigum. Menntastofnanir, menntamálayfirvöld, lánasjóður íslenskra námsmanna og sveitarfélög, þurfa í samvinnu við fangelsismálayfirvöld að vinna saman að því að betrun sem farið hefur vel af stað innan fangelsa geti haldið áfram eftir að út í frelsið er komið. Annars er því fjármagni sem varið hefur verið í menntun innan fangelsa kastað á glæ.

Það segir sig sjálft að fangi sem nær að útskrifast sem iðnaðarmaður eða með háskólapróf, annað hvort í afplánun eða stuttu eftir lok afplánunar, á allt öðruvísi og betri framtíðarmöguleika, en fangi sem enga endurhæfingu hefur fengið.

Samkvæmt frumvarpinu virðast fangar (eins og aðrir) hafa rétt á námsstyrk að upphæð 65.000-kr á mánuði, 9 mánuði á ári. Þeir ættu hins vegar alla jafna ekki möguleika á námsláni enda óheimilt að veita einstaklingi lán ef hann er á vanskilaskrá. Útilokað er að fangi sem er á áfangaheimili, á rafrænu eftirliti eða á reynslulausn geti lifað og stundað sitt nám af styrknum einum. Úr þessu verður að bæta, annað hvort með styrkfjárhæð sem unnt er að lifa af eða tilslökun á skilyrðum til námsláns fyrir fanga og þá sem nýlega hafa lokið afplánun.

Afstaða ítrekar að það varðar ekki aðeins hag fangans að betrun hans verði árangursrík og hann geti lokið því betrunarferli sem hófst meðan á fangelsisvist stóð, heldur varðar það almannahag að viðkomandi láti af brotastarfsemi og verði nýtur samfélagsþegn sem greiði skatta til samfélagsins í stað þess að þurfa að treysta á almannatryggingakerfið og félagslega aðstoð til frambúðar. Farsæl betrun afbrotamanna felur að sama skapi í sér minna álag og sparnað fyrir lögreglu, réttarvörslukerfið allt og fangelsi landsins.

Mennt er máttur.....fyrir alla!

Grundarfjörður, 5. september, 2016

Virðingarfyllt,

f.h. stjórnar Afstöðu, félags fanga,

---

Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður